



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

79. fundur

Fundur haldinn í Almanna- varnanevnd Suðurnesja utan Grindavíkur, mánudaginn 24 ágúst 2026 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja B.S. að Flugvöllum 33, Reykjanesbæ.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason (Reykjanesbær), Alexandra Jóhannesdóttir (Suðurnesjabær), Björg Ásta Þórðardóttir (Sveitarfélagið Vogar), Eypór Rúnar Þórarinsson (Brunavarnir Suðurnesja), Arnar Steinn Elísson (framkvæmdastjóri almanna- varnanevndar), Margrét Kristín Pálsdóttir (Lögreglan á Suðurnesjum) og Sævar Garðarsson (Isavia)

Auk þess sátu fundinn Guðbergur Reynisson (RKÍ) og Guðlaug Rakel Guðjónsson (HSS).

Eðvarð Atli Bjarnason (svæðisstjórn sv2) boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Arnar Steinn Elísson

Framkvæmdastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. **Kosning formanns og varaformanns samkvæmt 2. mgr. 9 gr laga um almannavarna nr. 82/2008.**

Lagt til að formaður nefndarinnar verði Vilhjálmur Árnason og varaformaður sé Alexandra Jóhannesdóttir og er það samþykkt af öllum fundarmönnum.

Framkvæmdastjóri afhendir þá formanni stjórn fundarins og býður hann fundargesti velkomna til starfa.

2. **Áframhaldandi starf almannavarna- fulltrúa.**

Lögreglustjóri kynnir áframhaldandi samstarf um starf almannavarna- fulltrúa á svæðinu og fjármögnun hans. Lögreglustjóri leggur áherslu á nauðsyn stöðugildisins á svæðinu til frambúðar.

Formaður óskar eftir að lögreglustjóri sendir upplýsingar á bæjarstjóra með áframhaldandi störf almannavarna- fulltrúa og að málið verði afgreitt sem fyrst.

3. **Kynning á framkvæmdaáætlun 2026-2029.**

Framkvæmdastjóri kynnir fyrir nýrri nefnd framkvæmdaáætlun almanna- varna á svæðinu til 2029. Framkvæmdaráætlun verður send á nefndarmenn til upplýsinga.

4. **Heimsókn innviðahóps INR.**

Framkvæmdastjóri fer yfir heimsókn innviðahóps Innviðaráðuneytis sem kemur í heimsókn til bæjarstjóra á föstudaginn næstkomandi 28 ágúst og kynnir störf sín.

5. **Kynning á störfum AST .**

Framkvæmdastjóri kynnir störf AST og kynningu um almannavarnanefnd

Fundi slitið kl. 13:10